

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

NÓVEMBER 2014 • 11. TBL. • 27. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Fermingarbörnin á Seltjarnarnesi fóru í ferð norður í Skagafjörð 6. til 8. nóvember sl. en söfnuðirnir í Seltjarnarneskirkju og Sauðárkrókskirkju eru vinasöfnuðir. Hópurinn gisti að Löngumýri í Skagafirði þangað sem fermingarbörn af Króknum heimsóttu þau. Krakkarnir af Nesinu fóru einnig til Sauðárkróks og áttu góðar stundir með jafnöldrum nyrðra. Nánar er sagt frá förinni á bls. 4.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér


Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Norðurljósafélagið í lækningaminjasafnið?

Nýlega barst bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar fyrirspurn frá aðstandendum Norðurljósafélagsins um bygginguna sem ætluð var lækningaminjasafninu við Nesstofu. Ætlun félagsins er að nýta húsið undir norðurljósamiðstöð. Þetta gæti orðið mikil lyftistöng fyrir Seltjarnarnes og í leiðinni leyst það vandamál um hvað eigi að gera við þessa byggingu sem hefur staðið auð í nokkur ár eftir að bæjarstjórn sagði sig frá samningi um safnið. Eins og fram kemur í frétt hér í blaðinu hefur félagið sterka bakhjarla á bak við sig sem munu hafa burði til þess að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.

Norðurljósamiðstöð á Seltjarnarnesi gæti orðið þekkt stofnun um allan heim. Um 21 % allra ferðamanna sem koma til Íslands koma til að horfa á norðurljósinn. Tugþúsundir manna gætu komið á þetta safn í framtíðinni sem gæti staðið fyrir sýningum og veitt upplýsingar um norðurljósinn auk þess sem veitingaaðstaða og minjagripaverslun gætu þróast við hlið þess. Einnig væri hægt að segja ferðafólki sögu Seltjarnarness sem hefði áhuga því. Við hlið hússins er Nesstofusafnið þar sem fyrsti íslenski lækurinn bjó og urtagarðurinn er, en þar var fyrsta lyfjaframleiðsla á Íslandi. Hér er um mjög athyglisverða hugmynd að ræða og ættu bæjaryfirvöld að taka málið til gaumgæfilegrar skoðunar. En Norðurljósafélagið er einnig að skoða fleiri staðsetningar.

Hvað með aldraða?

Þjónustustarfsemi fyrir aldraða á Seltjarnarnesi hefur um langt skeið verið í mörgum húsum og haft ýmiskonar óhagræðingu í för með sér. Ekkert félag eldri borgara hefur verið starfandi á Seltjarnarnesi og því enginn þrýstihópur til að knýja á um breytingar. Komið hafa fram hugmyndir um að koma upp aðstöðu fyrir aldraða í gamla SPRON-húsinu við Austurströnd eða taka Félagshéimilið á Nesinu undir starf með öldruðum. Þar er um stórt en illa nýtt húsnæði að ræða sem gera úr mætti góða aðstöðu fyrir aldraða með ekki miklum tilkostnaði. Bæjarstjórn Seltjarnarness þarf að skoða þetta mál með opnum hug.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Norðurljósafélagið hefur áhuga á húsnæði lækningaminjasafnsins



Norðurljósafélagið hefur sýnd húsinu sem ætlað var lækningaminjasafni á Seltjarnarnesi áhuga en eins og kunnugt er sagði Seltjarnarnesbær sig frá samningi við Læknafélag Íslands og ríkið um uppbyggingu safnsins. Þann 12. september sl. kom einn forsvarsmanna félagsins á fund

bæjarráðs Seltjarnarnesbæjar og kynnti ráðinu óskir félagsins gagnvart bænum.

Á fundinum var Gunnari Lúdvíkssyni fjármálastjóra Seltjarnarnesbæjar falið að skoða málið. Engar frekari viðræður hafa enn átt sér stað á milli félagsins og Seltjarnarnesbæjar og óvíst er um framvindu þess. Hvort það verði skoðað frekar eða ekki. Stjórnuskoðunarfélagið vinnur nú að nýsköpunarverkefni sem bæði hefur fengið styrk og verðlaun og snýst um norðurljósamiðstöð með viðamikilli norðurljósasýningu. Félagið hefur unnið að því með Landsbréfum undanfarin misseri að finna ákjósanlegan stað fyrir miðstöðina og er safnahúsið á Nesinu einn af þeim stöðum sem félagsmenn hafa skoðað ásamt Landsbréfum.

Guðmundur hættir í bæjarstjórn

Guðmundur Magnússon forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar mun láta af störfum í bæjarstjórn um komandi áramót. Ástæða þess er sú að hann hefur fest kaup á húsnæði í Reykjavík og er á förum úr bæjarfélaginu.

Þegar Guðmundur lætur af störfum mun fyrsti varamaður sjálfstæðismana í bæjarstjórninni Magnús Örn Guðmundsson taka sæti aðalmanns.

Magnús er fæddur í maí árið 1978. Hann auk B.S. prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001, prófi í verðbréfiðskiptum 2003 og MBA frá Northeastern University í Boston 2008. Hann starfar sem sjóðstjóri hjá Stefni hf.



Magnús Örn Guðmundsson.

Nesbíúinn



Eigum við að selja Norðurljósinn?



ora

Ástríða í matargerð

JÓLASÍLDIN 2014

ER ÓMISSANDI Á ADVENTUNNI OG Á JÓLABORÐIÐ
KOMIN Í VERSLANIR




www.ora.is

Seltirningabók nú ókeypis á netinu

Í tilefni af 40 ára kaupstaðar-afmæli Seltjarnarnesbæjar á þessu ári samþykkti bæjarstjórn að ráðast í rafræna útgáfu Seltirningabókar eftir sagnfræðinginn Heimi Þorleifsson en bókin hefur verið ófáanleg um allanzt skeið.

Aðgangur að bókinni verður öllum að kostnaðarlausu en hún verður aðgengileg frá og með fimmtudaginum 20. nóvember um það leyti sem rithöfundur bókarinnar hefði orðið 77 ára. Heimir var fæddur 22. nóvember 1936 og lést um mitt síðasta ár. Í bókinni er að finna mikinn fróðleik um þróun mannlífs og sveitarstjórnar í ört vaxandi byggð, en bókinni er skipt upp í sex meginhluta. Sá fyrsti fjallar einkum um landamerki og sveitarstjórn, annar um landsvæði núverandi kaupstaðar, þriðji um útgerð, fjórði um skólalald, fimmti um félagsstarfsemi á Nesinu og sjötti um kirkjuhald. Í bókarlok eru rækilegar heimilda-, mynda- og nafnaskrár.

Heimir var mikilvirkur höfundur fræðiritra og kennslubóka í sagnfræði. Hann flutti



útvarpserindi og þætti, skrifaði fjölda greina í blöð, tímarit og safnrit um söguleg efni. Hann gerðist kennari við Menntaskólann í Reykjavík 1961 og var deildarstjóri í sögu og félagsfræði við skólann til 1994. Heimir lét sig miklu varða sögulega geymd umhverfis, muna og heimilda og beitti sér sérstaklega fyrir slíkum verkefnum í heima-bæ sínum Seltjarnarnesi. Það var Guðmundur Einarsson sem bjó bókina í rafrænt form en fyrirtækið Snara ehf. hýsir bókina.



Fermingarbörnin í Sauðárkrókskirkju.

Fermingarbörnin fóru í Skagafjörð

Fermingarbörnin á Seltjarnarnesi fóru nýverið í velheppnað fermingarbarnaferðalag norður í Skagafjörð. Þau gistu í tvær nætur á Löngumýri ásamt fylgdarfólki sem saman stóð af foreldrum, sóknarnefndarfólki og sóknarpresti.

Veður var hagstætt dagana 6. til 8. nóvember síðastliðinn. Fermingarbörnin á Sauðárkróki komu á Löngumýri fyrra kvöldið og áttu saman góða stund með fermingarbornunum af Nesinu. En söfnuðir Sauðárkrókskirkju og Seltjarnarneskirkju eru vinasöfnuðir. Seinna kvöldið fóru Seltirningarnir á Krókinn og áttu góðar stundir með heima-fólki, fyrst í Sauðárkrókskirkju og síðan í Húsi frítímans, sem er fjölnota hús fyrir alls kyns félagsstarf á staðnum. Fermingarbörnin fengu Biblíuna að gjöf frá Seltjarnarnarnessókn í ferðinni og unnu margs konar verkefni tengd Bók bókanna. Boðið var upp á ferðir í sundlaugina í Varmahlíð og íþróttahúsið meðan á dvölinni stóð. Ferðin tókst einstaklega vel í alla staði og ný vinatengsl mynduðust á milli unglínganna. Þetta er annað árið sem fermingarborn af Nesinu fara í fermingarbarnaferðalag í Skagafjörð.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSAMÍÐJAN
VELAVERKSTÆÐI | SLÁTTUVELAVERKSTÆÐI
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokkis tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bilapvottur / djúphreinun
Bjóðum við upp á almennan bilapvott, djúphreinun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að öksur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Sigursveinn opnar sýninguna „Frónari“ í Eiðisskeri

Seltirningar eru sérstaklega boðnir velkomnir í Bókasafnið fimmtudaginn 20. nóvember kl. 17 á sýningaropnunina Frónari þar sem Sigursveinn H. Jóhannesson sýnir verk sín sem sum hver eru frá Seltjarnarnesi. Við sama tækifæri verður formlega opnaður aðgangur að rafrænni Seltirningabók, en bókin hefur verið ófáanleg um langt skeið. Boðið verður upp á kaffi og köku.

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur skrifaði á dögumum blaðagrein undir yfirskriftinni Ég vil elska mitt land þar sem hann mærir föðurlandið og klinkir í lokinn út með setningunni „Ég fíla svo vel að vera Frónari“. Þessi lokaorð hittu listamanninn Sigursvein H. Jóhannesson beint í hjartastað og fékk hann

leyfi rithöfundarins til að heimfæra þau upp á sýningu sína Frónari sem opnuð verður í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga í Bókasafninu, fimmtudaginn 20. nóvember. Á sýningunni eru á fjórða tug verka og þar af tæpur helmingur frá Seltjarnarnesi. Verkin eru unnin með blandaðri tækni, grafík, tússi og vatnslitum. Sigursveinn starfaði á árunum 1985 til 1992 við leikmyndadeild Þjóðleikhússins og var kennari við málaradeild Ljungstedska Skolan í Linköping í Svíþjóð í lok áttunda áratugarins. Hann er kennari að mennt auk þess að hafa sótt fjölmörg námskeið hérlandis og erlendis m.a. hjá Ríkharði Valtingojer. Sigursveinn hefur haldið nokkrar sýningar á ferli sínum, en hann býr og starfar á Seltjarnarnesi.



Aðeins 4% óku of hratt

Aðeins voru um 4% ökumanna sem óku yfir löglegum ökuhraða við hraðamælingar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við Suðurströnd miðvikudaginn 29. október sl. Þá vaktaði lögreglan umferð með hraðamyndavél á Suðurströnd gegnt Íþróttamiðstöð Seltjarnarness þar sem er 50 km hámarks hraði. Vöktunin stóð yfir frá kl. 13:15 til 14:15 en tilgangur hennar var að kanna sérstaklega með ökuhraða á þessum vegarkafila.

Á ofangreindu tímabili vaktaði vélin 101 ökutæki og var meðalhraði þeirra 45 km. Af vöktuðum ökutækjum voru ljósmynduð aðeins fjögur brot eða tæp 4%. Meðalhraði brotlegu var 63 km og hraðast var ekið á 71 km hraða. Samskonar mælingar fóru fram hjá lögreglinni 10. júní síðastliðinn á Norðurströnd. Þar var fylgst með ökutækjum sem var ekið Norðurströnd í austurátt, við Fornuströnd. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 108 ökutæki þessa akstursleið og var þeim öllum nema fjórum ekið á löglegum hraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 72 km/klst en þarna er 60 km hámarkshraði.

Orka og hreysti til að njóta jólanna

Full búð af lífrænum og nærandi jólagjöfum

Í EINUM GRÆNUM

Desember glaðningur fyrir viðskiptavinum: Grænn orkudrykkur í boði hússins.



Í fallegum gjafapakkningum: Lífræn húðkrem, olíur, sjampó og fæðubótarefni. Íslenskir skartgripir, Weleda, PureLogicol, Moana.

 **græn heilsa**
heilsa til framtíðar

Heilsuráðgjöf og heilsumælingar. Opið 10-18, virka daga - Ægisíða 121 - Sími: 551 1777

Nesið hefur margt að bjóða ferðamönnum

Í síðasta tölublaði Nesfrétta var fjallað nokkuð um mögulega ferðaþjónustu á Seltjarnarnesi og einkum bent á Neshringinn þar sem margt gæti vakið áhuga ferðafólks. Saga Seltjarnarness nær allt aftur til landnáms og löngum var talið að á Nesinu væri að finna eitt besta búsvæði á landinu. Á Seltjarnarnesi liggur sagan og fortíðin við nær hvert fót. Góður leiðsögumaður hefði því frá mörgu að segja sem vakið gæti áhuga ferðamanna og myndi margt örugglega koma þeim á óvart.

Förim um Seltjarnarnes gæti hafist á Eiðinu sem tengir Nesið við meginlandið. Þar stóð eitt af fyrstu lögbýlum á Seltjarnarnesi byggt undir lok 14. aldar. Um miðja 18. öld var óttast að hafið græfi Eiðið í sundur og gerði Seltjarnarnes að eyju en varð ekki. Á Eiðinu má finna hluta af sögu samgangna en þar liggur vaggja vörubílaúngerðar að hluta. Mývant Sigurðsson sem lengi bjó á Eiði stofnaði vörubílastöð í upphafi bílaaldar og var orðinn að slíku stórveldi á sínum tíma að stjórn Verkamannafélagsins Dagsbúnar ákvað að leggja hann að velli enda dæmigerður einkaframtaksmáður.

Virki bakvið Berg

Frá Eiðinu má halda áfram vestur Norðurströndina í áttina að Bollagörðum. Þar stendur gamla íbúðarhúsið enn ásamt áföstu gripahúsi en í landi Bollagarða er að finna húsið Berg sem byggt var af Hafsteini Einarssyni loftskeytamanni og kompássmið og Auði Sigurðardóttur konu hans. Í bakgarði hússins er að finna virki frá hernámsárum seinni heimstyrjaldarinnar þar sem hermenn stóðu öll stríðsárin og fylgdust með ferðum af hafi fyrir utan Seltjarnarness.

Úr Bollagörðum liggur leiðin út á Snoppu útivistarsvæði gegnt Gróttu. Skammt frá eru upptök hitaveitu bæjarfélagsins þar sem lítið bæjarfélag á sína eigin hitauppsprettu sem vermir hýbýli þeirra. Skammt frá er hákarlaskúrinn. Endurbýggður hjallar sem sýnir hvernig Seltirningar veruðu hákarl.



Náttúruhamfarir og dulúð

Næsti viðkomustaður yrði Gróttta. Grótttan næstum losnaði frá fastalandinu í miklu óveðri og hárrí sjávarstöðu fyrir 215 árum. Gróttta mun í upphafi verið talin hjáleiga frá Nesi en eftir sjávarflóðin 1799 var jörðin talin óbyggileg. Viti hefur verið í Gróttu frá 1897 en fyrsti vitinn stóð nokkuð vestar en sá viti sem nú stendur. Þorvarður Einarsson var fyrsti vitavörðurinn en Albert sonur hans tók við vörslunni að honum látnum. Albert starfaði þar auk þess að stunda sjómennsku til 1970 að hann sigldi í hinsta sinn en snéri ekki aftur. Engin veit með hvað hætti endalok hans urðu önnur en að hann hafi sameinast hafinu með einhverju móti.

Merk saga, spurning um jarðfræði og stríðsminjar

Frá Gróttu mætti halda upp að Nesstofu sem er sögufrægasta setur Seltjarnarness og þótt víðar væri leitað. Þar var upphaf lækningar og lyfjagerðar í landi sem hafði ekkert þéttbýli og engar samgöngur utan hesta og báta. Saga Ness og Nesstofu er sérstök og til þess að vekja forvitni innlendra sem útlendra. Frá Nesi yrði síðan haldið upp á Valhúsahæðina en hún gegndi m.a. hernaðarlegu hlutverki á stríðsárunum.

Valhúsahæðin er friðlýst. Hún er hæsti staður á Nesinu og þar má finna rákað berg eftir ísaldarjökul og spurningar eru um hvort þar hafi verið eldstöð í fyrndinni. Nafn hennar er dregið af húsum þar sem veiðifalcar Danakonungs voru gleymdir fyrir á öldum.

Útlíf á Suðurnesi

Á Suðurnesinu er endurbýtt leiðarmerki sem notað var við siglingar fyrir tíma vitanna og þar er golfvöllur Seltirninga. Golfíþróttin nýtur vaxandi vinsælda bæði sem keppnisíþrótt og ekkert síður sem fjölskylduíþrótt. Golfmót á björtum sumarnóttum hafa notið vinsælda meðal annars Open Artic golfmótið sem haldið er á Akureyri um Jónsmessuna á hverju ári.

Benda má mikla aðsókn að útivistarsvæðum á Seltjarnarnesi enda um sérstæð náttúrusvæði að ræða. Þar eru fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum og ríkulegt fuglalíf. Þar eru einnig jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeyði ísaldar og ísaldarlokum. Sunnan á Nesinu er smábátahöfn þaðan sem hægt væri að bjóða bátsferðir, siglingu um sundin og sjóstangveiði.

Íþróttir, líkamsrækt og veitingar

Á Seltjarnarnesi er að finna góða aðstöðu til íþróttar og líkamsræktar. Íþróttavöll, sundlaug og stóra líkamsræktarstöð. Tilvalið væri fyrir ferðamenn að bregða sér í sund eða aðra rækt og slökun eftir gönguferð og jafnvel bátsferð af Nesinu og koma við í heilsusetri Systrasamlagsins. Hringferðin gæti svo endað á Eiðistorgi þar sem miðbæjar- eða verslanakjarni Seltirninga stendur nú. Þar er ýmsa þjónusta að finna sem auðveldlega mætti bæta og laga að þörfum ferðafólks – til dæmis með aukinni aðstöðu fyrir veitingastarfsemi. Hér er aðeins stiklað á mjög stóru um hvað hægt væri að gera til þess að Seltjarnarnes fengi sin hluta af ferðaþjónustu rétt eins og önnur bæjar- og sveitarfélög í landinu. Nesið hefur margt að bjóða í þeim efnum.

Frá 18. nóvember

Jólamatsedill

Tapas barsins

* Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

* 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

Tvíreykt hangikjöts tartar með balsamik vinaigrette
Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax
Spænsk marineruð síld með koriander og mangó
Léttreykt andabringa með malt- og appelsínsósu

Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu
Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús
Hægelduð grísasíða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrásasósu

* Og í lokin tveir ljúfir eftirrættir

Rise a la mande með berjasaft
Ekta súkkulaðiterta

6.690 kr.



RESTAURANT - BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

Vel heppnað dömukvöld á Eiðistorgi

Dömukvöldið sem haldið var á Eiðistorgi föstudaginn 31. október síðastliðinn heppnaðist í alla staði mjög vel.

Silla, Laufey, Alla og Stefanía voru með allskonar tilboð og afslætti. Hafsteinn á

Rauðaljóninu og Björnsbakarí sáu um veitingar á mjög rausnarlegan hátt. Spákonur voru á staðnum og voru margir gestir sem nýttu sér það. Einnig öll frábæru tilboðin.

Það verður annar viðburður föstudaginn

21. nóv. kl. 16:00 til 19:00 þannig að þær sem misstu af þessu síðast geta komið þá. Við ætlum að taka jafnglæsilega vel á móti gestum okkar þá.



Sigurlaug að spá fyrir Álfheiði.



Alla, Laufey, Silla og Stefanía.



Erla, Guðmunda, Soffía, Þórhalla og Lína.



Laufey og Begga.



Helga að afgreiða.



Silla og Siddý.



Ljós og fegurð í Systrasamlaginu!



SLÖKUN Í ÞYNGDARLEYSI UMVAFIN/N VATNI!

Flot er gefandi, róandi og skerpur sköpunargáfuna.

Flotahetta og fótaflot: 17.900 kr.



HALTU ÞIG Á EIGIN JÓGAMOTTU!

MANDUKA eru Taj Mahal jógadýnanna, 4. teg og fylgihlutir.

Verð á dýnum frá 12.500 kr.



BAGGU – LUGNAMJÚKAR LEBURTÖSKUR

Gamaldags sútunaraðferð. Umhverfisvænni en almennt tíðkast.

SVARTAR, MAHÓNÍ, RAUÐAR, TÚRKÍS OG SILFUR. Nokkrar stærðir og gerðir.



FATNAÐUR SEM NÆRIR ÖLL SKILNINGAVIT!

Vandaður jóga/þæginda/hversdags- og spari fatnaður úr lífrænni, sterkri "Fair Trade" bómull.

Ómótstæðilega heillandi og þægilegur.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

netto

Í JÓLASKAPI

VERÐ-
SPRENGJA!

SÚPUKJÖT
FRÁBÆRT VERÐ!

598

KR/KG

-35%

HANGIFRAMPARTUR
URBEINADUR

1.884

ÁÐUR 2.898 KR/KG

-20%

BJÚGU
NETTO 6 STK

718

ÁÐUR 898 KR/KG

KJÚKLINGBRINGUR
JÓLAPELSNUMARINERING

2.298

KR/KG

KJÚKLINGBRINGUR
DANSKRI PIPARMARINERINU

2.298

KR/KG

RJÚPUBRINGUR
4 STK

1.989

KR/PK

-40%

BAYONNESKINKA
ÓREYKT, ÓSÖLTUÐ (URB. LAERI)

1.199

ÁÐUR 1.998 KR/KG

EKKI STRESSA ÞIG Á BAKSTRINUM
FÁÐU ÞÉR TILBÚINAR GÓMSÆTAR SMÁKÖKUR
OG NJÓTTU AÐDRAGANDA JÓLANNA

SMÁKÖKUR
ÝMSAR TEGUNDIR

499

KR/BOXIÐ

CHOKLADDRÖM

YANILDRÖMMAR

HAVRECHOKO

PEPPARKAKOR

HALLONKRAUS

www.netto.is

| Mjódd · Salvegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



KJÚKLINGABRINGUR
900 G FROSID
1.494
ÁÐUR 1.698 KR/PK



HAMBORGARHRYGGUR
M/BEINI
-30%
1.399
ÁÐUR 1.998 KR/KG



DOUX KALKÚNN
HELLI FUGL
999
KR/KG



LAMBAKÓRÓNA
CHAMPAGNA MARINERING
3.598
ÁÐUR 3.998 KR/KG



KJÚKLINGALUNDIR
700 G FROSID
-42%
985
ÁÐUR 1.698 KR/PK



RAUÐRÓFUR
-50%
64
ÁÐUR 128 KR/KG



RAUÐKÁL
-50%
149
ÁÐUR 298 KR/KG



LOFTKÖKUR
TYLSTRUP 200
399
KR/PK



KLEINUHRINGIR
AMERISKIR
-50%
95
ÁÐUR 189 KR/STK



COCOFINA
KÓKOSVATN-3 TEG 250 ML
199
ÁÐUR 239 KR/STK




PIPARKÖKUDROPAR
COOP 500G
359
KR/PK



PIPARKÖKUR
300 G
499
KR/PK

**NÝTT
KORTA-
TÍMABIL**



Tilboðin gilda 20.-23. nóv 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Hver veit deili á steininum við Valhúsaskóla?



Steinninn sem Garðar myndaði að baki Valhúsaskóla.

Þessi steinn er á bak við Valhúsaskóla. Garðar Ólafsson úrsmiður tók mynd af steininum sem er á bak við Valhúsaskóla og langar að vita hvort einhver kannast við hann eða veit um sögu hans.

„Ég rakst á hann í vor. Ég var búin að sýna mörgum þennan stein en enginn kannaðist við

hann. Mér dettur í hug að hann sé frá stríðsárunum. Gaman væri að vita deili á honum. Það er ekki auðvelt að finna hann, því steinninn snýr bakhliðinni í göngustíginn. Ef einhver veit deili á þessum steini og hver hafi gert myndina gæti viðkomandi snúið sér til Nesfrétta með upplýsingar.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



UMHVERFISHORNID

Jólatré

Garðeigendur á Seltjarnarnesi! Eigið þið stórt grenitré sem til stendur að fella á næstunni? Ef svo er þá gæti það prýtt opið svæði á Seltjarnarnesi sem jólatré í jólamánuðinum. Starfsmenn Seltjarnarnesbæjar eru tilbúnir að koma og fella tréð og fjarlægja það ykkur að kostnaðarlausu. Vinsamlegast hafið samband við þjónustuver Seltjarnarnesbæjar í síma 5959100.



Margnota innkaupapokar

Seltjarnarnesbær var fyrst sveitarfélagi til að senda bæjarbúum margnota innkaupapoka árið 2006 og síðan aftur árið 2013. Nú eru verslanir í næsta nágrenni við okkur farnar að bjóða viðskiptavinum sínum að kaupa margnota poka og einnig að setja vörurnar í sterka, umhverfisvæna máispoka. Máispokarnir fást í verslunum Hagkaupa, Krónunni og Bónus. Þeir brotna algerlega niður á 10-45 dögum við góð jarðgerðarskilyrði. Verslunin Víðir selur sterka, margnota poka.



Umhverfisnefnd hvetur bæjarbúa til að nýta sér bæði máisinnkaupapoka og margnota poka og með því vinna gegn þeirri umhverfisvá sem plastið er.

Mengun frá eldgosinu í Holuhrauni mæld á Seltjarnarnesi

Frá eldgosinu í Holuhrauni losna gosefni út í andrúmsloftið sem geta haft áhrif á heilsu manna. Algengustu gosefnin eru vatn (H₂O), koldíoxíð (CO₂) og brennsteinsdíoxíð (SO₂). Auk þess losna önnur efni eins og brennisteinsvetni (H₂S), vetni (H₂), kolmónoxíð (CO), vetnisklóríð (HCl), vetnisflúoríð (HF), og helíum (He) út í andrúmsloftið – en í minna magni.



Mestu áhrif gossins á heilsu manna eru af völdum SO₂. Helstu einkennin eru ertingur í augum, hálsi og öndunarferum og við háan styrk getur fólk fundið fyrir öndunarörðugleikum. Fólk með undirliggjandi astma, berkjubólgu, lungnaþembu og hjartasjúkdóma er viðkvæmara fyrir SO₂ en heilbrigðir einstaklingar og fær einkenni við lægri styrk en aðrir. Viðkvæmum er ráðlagt að hafa öndunarferalyf tiltæk.

Sjálfvirkir mælar Umhverfisstofnunar mæla styrk SO₂ víða um landið. Sýni þeir „góð loftgæði“ nær styrkur brennisteinsdíoxíðs ekki yfir 300 míkrogrömm á rúmmetra og við þær aðstæður eru yfirleitt engin áhrif á heilsufar einstaklinga. Unnt er að nálgast niðurstöður mælinganna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sjá einnig www.loftgæði.is

Seltjarnarnesbær hefur fest kaup á þremur gasmælum sem verða staðsettir í Íþróttamiðstöð, Leik- og Grunnskóla Seltjarnarness. Innan tíðar munu upplýsingar um loftgæði vera aðgengilegar á vef bæjarins.

Stöðugar mælingar á svifryki fara fram í Reykjavík við Grensásveg og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn en einnig á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, Kópavogi og víðar á landinu.

Ýmsar heimildir.

F.h. umhverfisnefndar,

Margrét Pálsdóttir, formaður

Bolaöldur - alfriðaðar frá 2000

Ábending vegna atriðis í greininni Umhverfishornið á bls. 10 í október Nesfrétta undirritaðri af Margréti Pálsdóttur. Þar kemur meðal annars fram að «hafa nemendur grætt upp rofabörð og gróðurvana mela á Bolöldum við rætur Vífilfells þar sem er sameiginlegur afréttur Seltjarnarness og Kópavogs».

Réttara er að segja að vestari hluti Bolalda og vesturhlíð Vífilfells í mörk við Sveitarfélagið Ólfus eru í afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna sem er óskiptur afréttur Seltjarnarness, Kópavogs og Reykjavíkur. Fjárlaust hefur verið á Seltjarnarnesi í nær 50 ár en enn er fé í Reykjavík og Kópavogi sem réttað er í lögrétt sveitarfélaganna þriggja á Fossvöllum, skammt austan við Lækjarbotna norður af Seljalli. Það land sem verið er að fjalla um hefur verið friðað síðan 2001 þegar sá hluti afréttarins, sem er sunnan Suðurlandsvegur, var friðaður. Fjáreigendur hafa verið með uppgræðslu síðan

2001 inn af Föelluvötnum, nokkuð með hrossa- og sauðataði en þó mest með tilbúnum áburði. Þeir, ásamt sveitarfélagunum og Landgræðslu ríkisins græddu upp um 150 hektara á árabílinu 1979 til 2000 við Arnarnípur, þar sem ljósvitinn er og vestur í Lakheiði en það lenti inni á friðaða svæðinu 2001. Var þá orðið algróið og sést vel á gróðurkortum. Í uppgræðslunni á beitolandinu er mest gras og lágvaxnar jurtir en beitarálagið er mjög lítið miðað við það sem áður var. Til fróðleiks má geta þess að um 1960 voru um 5000 vetrarfóðraðar kindur í þesum þremur sveitarfélögum en nú innan við 300. Seltjarnarnes heldur að sjálfsögðu fullum beitarrétti þótt þar sé fjárlaust og hluti afréttarins teljist nú til þjóðlendu. Til gamans má geta þess að Seltjarnarnes hefur sveitarfélagsstafina K4 í markaskrárn.

Kærar þakkir fyrir gott blað.

Ólafur Dýrmundsson.

Höfundakvöld í Bókasafninu

Súsanna Svavarsdóttir heldur utan um taumana á höfundakvöldi Bókasafns Seltjarnarness þar sem fram koma fjórir af merkustu rithöfundum landsins 25. nóvember.

Höfundarnir eiga það sameiginlegt að gefa út bækur um þessar mundir en þeir eru Einar Kárason, Gerður Kristný Guðjónsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir og Stefán Máni Sigbórsson. Höfundakvöld Bókasafns Seltjarnarness hafa notið mikilla vinsælda og jafnan verið húsfyllir. Dagskráin stendur frá kl. 20 til 22 og er boðið upp á kertaljós, kaffi og smákökur. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.



www.borgarblod.is


Matur og vín:

Jólin nálgast og margur er farinn að hugleiða hvað skal nú hafa í matinn á jólunum. Hjá mörgum er slíkt í föstum skorðum og jafnvel löngu ákveðið hvaða veisluréttur verður á jólaborðinu. Hitt er oft erfiðara hvaða ljúfa vín skal hafa með hátíðarréttinum.

Því gerum við bragð úr ellefta boðorðinu í ár og sleppum uppskriftum.

Þess í stað leggjum við sérstaka áherslu á hvaða vintegundir passa best með jólamatnum.

KALKÚN



Montalto Organic Nero d'Avola (lífrænt ræktað) – Sikiley 1.799 kr.


Rúbinrautt. Létt meðalfylling, ósætt, fersk sýra, miðlungstannin. Rauð ber, bláber, pipar, laufkrýdd



Lindemans Chardonnay Bin 65 – Ástralía 2.250 kr.

Ljósitrónugult. Meðalfylling, þurr, fersk sýra. Ferskja, eplakjarni, melóna.

HUMAR



Castillo de Molina Reserva Chardonnay – Chile 2.230 kr.

Sitrónugult. Meðalfylling, þurr, fersk sýra. Suðrænenir ávextir, vanilla, eik.



Matua Sauvignon Blanc – Nýja Sjáland 2.299 kr.

Fölsitrónugult. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra. Sítrus, stílkilsber, passjón.

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Mikið hefur verið um að vera hjá eldri bæjarbúum á Seltjarnarnesi það sem af er vetri. Öll námskeið vel sótt og góð þátttaka í almennri dagskrá „Óvissuferð“ októbermánaðar 23. október var vel heppnuð. Ekið var um efri byggðir Reykjavíkur þ.e. Grafarvog, Grafarholt og Norðlingaholt og síðan endað í Hannesarholti við Grundarstíg þar sem tekið var á móti hópnum með miklum glæsibrag. Þar nutum við góðra veitinga, fróðleiks og söngstundar með Svavari Knúti.

Í stað óvissuferðar í nóvember verður farin leikhúsfé. Fyrirhugað er að fara í Þjóðleikhúsið föstudaginn 21. nóvember og sjá Karitas. Fimmtudagskvöldið 30. október var fjörukt og skemmtilegt kvöld í félag-saðstöðinni á Skólabrautinni. Þá fengum við til okkar tvo harmonikkuleikara og skemmti fólk sér vel og dansaði mikið.

Af og til fáum við óvæntar en skemmtilegar heimsóknir í kaffírókinn á morgnana.

Dýri Guðmundsson hefur komið í tvígang nú í haust og haft með sér ferðagítarinn góða og tekið lagið með fólkinu. Einnig hefur komið til okkar skólafólk í upplýsingaöflun fyrir ákv. verkefni sem tengjast félags og tóms-tundastarfi eldri borgara almennt. Það er alltaf skemmtileg tilbreyting að fá heimsóknir.

Þriðjudaginn 4. nóvember var farið í kvikmyndahús og að sjálfsgöðu var það AFINN sem varð fyrir valinu. Eftir sýningu myndarinnar var gengið yfir á veitingastaðinn Cafe Bleu þar sem við áttum pantaða súpu og brauð.

Þess bera að geta að appelsínugula dagskrárblaðið sem sent var út til eldri borgara í haust er í fullu gildi til næstu áramóta. Dagskráin birtist einnig á heimasíðu Seltjarnarness og í Morgunblaðinu ásamt því að settar eru inn tilkynningar á Facebook undir: Eldri borgarar á Seltjarnarnesi. Þið sem hafið facebook megið endilega deila síðunni.

Fólk er einnig hvatt til að fylgjast með fjölbreyttri dagskrá bókasafnsins. Fastir liðir í félags og tóms-tundastarfi eldri bæjarbúa eru skv. dagskrár-blaði en vert er að minna á eftirfarandi:

Kaffispijall í króknum alla virka daga kl. 10.30, handavinnuna alla mánu-daga og miðvikudaga kl. 13.00, Jóga mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00, söngsamveruna alla föstudaga kl. 14.30.

Fimmtudaginn 20. nóvember. Bíó í salnum á Skólabraut kl. 13.30.

Föstudaginn 21. nóvember leikhúsfé. Þjóðleikhúsið/Karitas. Skráning og upplýsingar í síma 8939800.

Fimmtudaginn 27. nóvember. Aðventukvöld í salnum á Skólabrautinni kl. 19.00. Þá ætlum við að eiga saman kvöldstund í aðdraganda jólanna, njóta góðra veitinga og fáum til okkar góða gesti og skemmtum okkur saman. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig er hægt að skrá sig og fá allar nánari upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800.

Fimmtudaginn 4. desember. Félagsvist salnum Skólabraut kl. 13.30.

Fimmtudaginn 11. desember. Jóla-Bingó salnum Skólabraut kl. 13.30.



Hringbraut 119
Sími: 562 9292

Virk þátttaka íbúa



Góð þátttaka og nokkur skoðanaskipti urðu á íbúafundi um endurskoðun á aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024, sem haldinn var miðvikudaginn 5. nóvember í Hátíðarsal Gróttu.

Þar fóru fulltrúar frá Alta og bænum yfir skipulagslýsingu, kynningu og samráð vegna aðalskipulagsins, en veittur var tveggja vikna frestur til að koma ábendingum á framfæri.

PARKET SÉRGRÆIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlögn - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipun gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er. Þegar gæðin skipta máli

Falling gólf ehf. • Nesbala 25 • 170 Seltjarnarnes • gólfslipun@felling.is • sími 581 4207 • GSM: 898 1107

Góðar gjafir á góðu verði

Jólabasar Hollvína Grensásdeildar
Laugardag 29. nóvember 2014
kl. 13-17
í safnaðarheimili Grensáskirkju.

17 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

Bestu þakkir fyrir síðast liðin 22 ár

Um næstu mánaðamót mun ég og fjölskylda mín flytja af Nesinu og ég þar með láta af störfum í bæjarstjórn eins og lög gera ráð fyrir.

Staða bæjarfélagsins er góð, en nýverið var Seltjarnarnesbær útnefndur draumasveitarfélagið á Íslandi af Vísbendingu. Bærinn hefur á að skipa frábæru starfsfólki og fjárhagurinn er afar traustur. Seltjarnarnesbær hefur fjarhagslega burði til að veita áfram framúrskarandi þjónustu til bæjarbúa og halda jafnframt álögum í lágmarki. Við megum öll vera stolt af þeirri þjónustu sem við veitum á sviði skólamála, tónlistarnáms, íþrótt- og forvarnarstarfs og í málefnum aldraðra, en önnur sveitafélög horfa til okkar sem fyrirmyndar um hvernig standa eigi að málum. Það er því bjart framundan á Seltjarnarnesi.

Það hefur verið einstaklega gefandi að fá að vinna fyrir og þjóna bæjarbúum þau fimm ár sem ég hef setið í bæjarstjórn. Eftir efnahagshrunið gengum við Sjálfstæðismenn af krafti í að hagræða og nýta skattfé bæjarbúa af virðingu og varfærni án þess að gefa eftir í þjónustu við bæjarbúa. Ég er ákaflega stoltur og ánægður hvernig til tókst í þeim efnum. Stundum gustar um menn á pólitíska sviðinu. Við höfum mismuandi skoðanir á því hversu mikið hið opinbera á að skattleggja einstaklinga og hvernig

almanna fé best sé varið. Þá er nauðsynlegt að menn standi með skoðunum sínum og lífs-gildum eftir að kjósendur hafa valið þá sem sína fulltrúa.

Af mörgum áhugaverðum og góðum verkefnum sem ég hef fengið að taka þátt í á síðustu árum má segja að bygging hjúkrunarheimilisins sé það mál sem ég er hvað stoltastur af. Það verkefni hefur verið lengi í undirbúningi en nú er búið er að taka skóflustungu að heimilinu, hönnun á lokastigi og ekkert því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir.

Við Lisbeth höfum notið þess að búa á Nesinu s.l. 22 ár og ala upp börnin okkar í þessu frábæra umhverfi og við þessar frábæru aðstæður. Um leið og ég þakka fyrir að hafa fengið að gegna ábyrgðarstöðu við stjórn bæjarfélagsins um fimm áran skeið, langar mig að þakka öllum þeim góðu samferðarmönnum sem ég og fjölskylda mín höfum kynnst á þessum góða og eftirminnlega tíma.

*Kærar kveðjur,
Guðmundur Magnússon forseti
bæjarstjórnar og formaður
bæjarráðs.*



Guðmundur Magnússon.



Líkt og undanfarin ár tekur Mýrarhúsaskóli þátt í verkefninu „Jól í skókassa“. Það felst í því að fá börn og fullorðna til þess að gleðja börn í Úkraínu.

Þessi börn lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa

þeim jólagjafir sem eru sett-ar í skókassa. Nemendur skólans hafa alltaf verið mjög duglegir við að útbúa jólapakka fyrir fátæk börn og í fyrra söfnuðust 110 jólagjafir. Vonandi verður þetta eitthvað svipað í ár.

Nú færðu
fríar litaprufur
við val á nyrri málningu



HÚSAVIÐGERÐIR.IS



Borgartún 22 | Dugguvogur 4
Dalshraun 11 | Furuvellir 7, Akureyri

www.slippfelagid.is

Að hámarki 3 prufur á mann



Keppendur Gróttu í 4. þrepi á Haustmóti FSÍ: Karólína Snót, Silja Björk, Saga, Viktoría Ósk, Jóhanna Kolbrún, Emma, Teresa og Selma Katrín.

Prefaldur sigur Haustmóti FSÍ

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum fór fram í tveimur hlutum í nóvember. Þrjátíuogfjórar stúlkur frá fimleikadeild Gróttu kepptu á mótinu og voru það helmingi fleiri þátttakendur frá deildinni en á Haustmótinu fyrir ári síðan.

Fyrri hluti mótsins fór fram á Akureyri fyrstu helgina í nóvember og þá var keppt í 4. og 5. þrepi. Gróttustúlkur gerðu sér lítið fyrir og sigruðu þrefalt í tveimur flokkum á Akureyri. Teresa Nukun Steingrímsdóttir sigraði í 4. þrepi 11 ára, Selma Katrín Ragnarsdóttir varð önnur og Silja Björk Ægisdóttir þriðja. Í 5. þrepi 10 ára sigraði Ragnheiður Uglya O. Gautsdóttir, Birna Kristín Einarsdóttir varð önnur og Tanja Rut Rúnarsdóttir þriðja. Hildur Arnaldsdóttir sigraði í 5. þrepi 11 ára.

Seinni hluti mótsins fór fram í Kópavogi viku síðar. Selma Eir Hilmarsdóttir varð í 2. sæti á tvislá í frjálsum æfingum í unglingsflokk. Sóley Guðmundsdóttir varð í 2. sæti

í 2. þrepi 11 ára og yngri, Þórunn Anna Almarsdóttir varð í 2. sæti í 2. þrepi 12 ára og Katrín Aradóttir varð í 3. sæti í 3. þrepi 10 ára. Auk þessa komu Gróttustúlkur heim með fjölda verðlauna á einstökum áhöldum báðar helgarnar, glæsileg frammistaða hjá öllum stúlkunum á þessu fyrsta móti keppnistímabilsins. Þjálfarar stúlkunnanna eru þau Anna Sóley Jensdóttir, Gabriella Belányi, Rebecca Sykes, Sesselja Järvelä og Zoltán Kiss.

Næstu verkefni hjá fimleikadeild Gróttu eru þátttaka tveggja liða frá deildinni á Haustmóti FSÍ í hópfimleikum helgina 22.-23. nóvember og vetrarsýning fimleikadeildarinnar í lok mánaðarins. Allir fimmhunduð iðkendur deildarinnar taka þátt í vetrarsýningunni. Sýningin fer fram í nokkrum hlutum en aðalsýningar- nar verða klukkan 15 og 17 sunnudaginn 30. nóvember. Við hvetjum alla Seltirninga til þess að leggja leið sína í íþróttahúsið og sjá glæsilega fimleikasýningu.

Gunnar Guðmundsson tekur við Gróttu



Gunnar Guðmundsson ásamt Hilmarí Sigurðssyni, formanni knattspyrnudeildar Gróttu.

Gunnar Guðmundsson var ráðinn þjálfari meistaraflokks Gróttu í knattspyrnu í lok október. Gunnar mun því stýra Gróttumönnum í baráttunni í 1. deild næsta sumar þar sem okkar menn munu spila á ný eftir þriggja ára hlé.

Gunnar, sem er 45 ára, þjálfaði HK frá 2004 til 2008 en HK tryggði sér sæti í úrvalsdeild undir stjórn Gunnars í fyrsta sinn í sögu félagsins. Eftir Kópavogssævintýrið stýrði Gunnar U-17 ára landsliði Íslands í nokkur ár, meðal annars

til Norðurlandameistararitils árið 2011. Gunnar hefur svo stýrt Selfossi í 1. deildinni síðustu tvö árin en í sumar enduðu Sunnlendingar í 9. sæti. Í viðtali á vef Gróttu kvaðst Gunnar spenntur fyrir áskoruninni og hlakkaði til að byrja að vinna. Hilmar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar, fagnar komu Gunnars til félagsins og telur að reynsla hans og þekking muni án nokkurs vafa koma Gróttuliðinu til góða á komandi leiktímabili.

Góður árangur hjá meistaraflokkunum

- Gróttu sló Fram út úr bikarunum

Gróttu sigraði Fram í 16-liða úrslitunum í Coca Cola bikar kvenna í handknattleik.

Leikurinn var fjörugur og skemmtilegur en að lokum reyndust Gróttustúlkur sterkari og unnu eins marks sigur, 19-18.

Eftir góðan bikarsigur gegn Fram mæti Gróttu liði Selfoss í Ólisdeildar kvenna og vann öruggan sigur. Gróttuliðið er í 1.-3. sæti með 16 stig eftir 9 umferðir þegar þetta er skrifað.

Meistaraflokkur karla Gróttu í



Mynd: Eyjólfur Garðarsson

Gróttustelpurnar fagna sigri á Fram.

handbolta er í efsta sætinu í 1. deild með 16 stig eftir 8 umferðir og hefur unnið alla leiki sína til þessa.



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170

Gróttustelpur í fullu fjöri



Stelpurnar í 5. flokki kvenna.

Fótboltaveturinn hefur farið vel af stað í yngri flokkum Gróttu og hafa flestir af yngstu flokkunum nú þegar tekið þátt í vetrar hraðmótum. Stelpurnar í 5. flokki tóku nýverið þátt í Fruit-Shoot móti Fjölnis í Egilshöllinni.

Gróttu sendi tvö lið til leiks og stóðu stelpurnar sig mjög vel. Góður hópur hefur æft af krafti í 5. flokki í allan vetur og var ánægjulegt að sjá stelpurnar á

sínu fyrsta móti á þessu tímabili. 6. flokkur kvenna tók þátt í Keflavíkurmótinu í Bítlabænum Keflavík í lok október og sendi Gróttu sömuleiðis tvö lið til leiks í það mót. Bæði lið stóðu sig vel og stelpurnar skemmtu sér vel, en margar yngra árs stelpurnar voru að spila á sínu fyrsta fótboltamóti. Báðir flokkar eru fjölmennir og það er greinilega mikill áhugi til staðar hjá þessum framtíðar fótboltastjörnum Gróttu.



Stelpurnar í 6. flokki kvenna.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Sigursveinn H. Jóhannesson. Hann hefur stundað málarastörf og skyld störf alla tíð auk kennarastarfa í faginu og félagsmála þegar hann var yngri. Sigursveinn hefur einnig fengið við myndlist og heldur sýningu á verkum sínu í Eiðisskeri í Bókasafni Seltjarnarnes um þessar mundir.

Fullt nafn? Sigursveinn H. Jóhannesson.

Fæðingard. og ár? 3. jan. 1933.

Starf? Málarameistari og kennari í faginu.

Farartæki? Húsbíll og Toyota konunnar.

Helstu kostir? Kraftmikill og jákvæður.

Eftirlætis matur? Íslenskur húsmannskostur og þorramatur.

Eftirlætis tónlist? Íslensk dægurtónlist.

Eftirlætis íþróttamaður? Það er enginn einn heldur landsliðið í handbolta.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Aðallega enskir og danskir sjónvarpsþættir.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxnes.

Uppáhalds leikari? Arnar Jónsson.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Flestar myndir sænska leikstjórans Ingimars Bergmanns.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?


Myndlist, sund, göngur og ferðalög um landið.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Það er t.d. Ásbyrgi,

Hljóðaklettur og margir fleiri.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Jákvæðni.



Hvern vildir þú helst hitta?

Það er nú helst vinir og vandamenn sem oftast.

Uppáhalds vefsíða?

visir.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælis-

gjöf? Nýju bókina hans Einaris Kárásonar, Skálmöld.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Leggja inni banka og hugsa málið.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Ég vildi helst ekki vera bæjarstjóri, myndi afþakka það góða boð.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að stunda myndlist og annað skemmtilegt eins lengi og hægt er.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ferðast um landið á húsbílnum.

NES FRÉTTIR Sími: 511 1188



Þór Sigurgeirsson
thor@vordur.is
Sími 514 1024 | 824 1024

TRYGGINGAR!

Tilboð og fagleg tryggingaráðgjöf fyrir heimili, einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mjög mikilvægt að tryggingavernd sé í takt við þarfir þínar eða þíns fyrirtækis.

Hafið samband sem fyrst og ég fer yfir málin með ykkur.



Við viljum kynnast þér betur!

Rauða ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MED
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

flögru matur

Coca-Cola

góðgæti frá Jóa Fel

Tindrandi Frostrós að hætti Jóa Fel

Jólatertan 2014

Glitrandi fögur súkkulaðiterta með þunnum og stökkum toffi- og krókantbotni.

Lagskipt með mjúkum súkkulaðibotnum og fersku hindberjahlaupi.

Fyllt með flauelsmjúku rjómasúkkulaðikremi og hjúpuð með drifhvítum sykurmassa.



**Jói
Fel**

B A K A R Í

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut